

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/612

2021/EES/7/49

frá 4. maí 2020

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini ⁽¹⁾, einkum 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Rýmka ætti núgildandi sértæk ákvæði er varða svigrúm aðildarríkjanna til þess að ákveða að ekki skuli skrá neinar takmarkanir varðandi sjálfskipt ökutæki á ökuskírteini sem gilda fyrir ökutæki í flokki C, CE, D eða DE þannig að þau nái yfir ökuskírteini sem gilda fyrir ökutæki í flokki BE, C1, C1E, D1 og D1E, ef umsækjandinn er þegar handhafi ökuskírteinis fyrir beinskípt ökutæki í a.m.k. einum af eftirfarandi flokkum: B, BE, C, CE, C1, C1E, D, DE, D1 eða D1E.
- 2) Þá rýmkun ætti að framkvæma í ljósi tækniframfara, einkum í því skyni að taka tillit til þróunar og aukinnar notkunar, innan flutningageirans, á ökutækjum sem eru nútímalegri, öruggari og menga minna og sem eru búin margs konar hálfsjálfvirkum, sjálfvirkum eða blönduðum aflyfifærslukerfum. Einföldun á gildandi takmörkunum á akstri sjálfskiptra ökutækja myndi þar að auki draga úr rekstrarlegu og fjárhagslegu álagi á hagsmunaaðila, þ.m.t. á lítil og meðalstór fyrirtæki og örfyrirtæki sem starfa við flutninga á vegum.
- 3) Laga þarf kröfurnar varðandi bifhjól í flokki A2, sem notuð skulu sem prófökutæki við verklega prófið, að tækniframförum, einkum að þróun á sviði brunahreyfla og undirvagna og aukinni notkun á rafbifhjólum. Aðlögun tækniforskrifta fyrir prófökutæki í flokki A2 ætti einnig að tryggja að umsækjendur séu prófaðir á ökutækjum sem eru dæmigerð fyrir flokkinn sem ökuskírteinið yrði gefið út fyrir.
- 4) Því ætti að breyta tilskipun 2006/126/EB til samræmis við það.
- 5) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ⁽²⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um ökuskírteini.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2006/126/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 141, 5.5.2020, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18.

⁽²⁾ Stjttð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. nóvember 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. nóvember 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. maí 2020

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2006/126/EB er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 5.1.3 kemur eftirfarandi:

„5.1.3. Sértek ákvæði sem varða ökutæki í flokki BE, C, CE, C1, C1E, D, DE, D1 og D1E

Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að ekki skuli skrá neinar takmarkanir varðandi sjálfskipt ökutæki á ökuskírteini fyrir ökutæki í flokki BE, C, CE, C1, C1E, D, DE, D1 eða D1E, sem um getur í lið 5.1.2, ef umsækjandinn er þegar handhafi ökuskírteinis fyrir beinskipt ökutæki í a.m.k. einum af eftirfarandi flokkum: B, BE, C, CE, C1, C1E, D, DE, D1 eða D1E og hann hefur, við verklegt próf, verið prófaður í þeirri færni sem lýst er í lið 8.4.“

b) Í stað annars undirliðar annars undirtitils „Flokkur A2“ í lið 5.2 kemur eftirfarandi:

„Ef bifhjólið er knúð brunahreyfli skal slagrymi hreyfilsins vera a.m.k. 250 cm³.“
